

Námsáætlun – Haust 2015

5. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: ÍDH

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Ágúst– Desember	Að nemendur: <ul style="list-style-type: none">• efli lesskilning, orðaforða og málskilning• þjálfist í að lesa mismunandi texta og greina aðalatriði frá aukaatriðum.• þjálfist í að tjá sig fyrir framan bekkjarfélagana.• taki þátt í lestrarátaki í skólanum sem og heima.• þjálfist í að semja sögur með atburðarás (upphaf, miðju og endi).• læri vísur og ljóð eftir íslenska höfundu. Farið verður í helstu hugtök ljóða s.s. rím og ljóðstafi.	Lestur, bókmenntir, ljóð og ritun	Innlagnir, einstaklingsnám, paravinna, hópavinna og kennsluhættir í anda Orð af orð s.s. hugtakakort, hugtakagreining og krossglímur. Áhersla er lögð á lipran og skýran upplestur, lesskilning og framsögn. Nemendur þjálfast í að tjá sig munnlega og temji sér að tala skýrt og áheyrilega. Nemendur eru hvattir að lesa daglega sér til ánægju. Áhersla lögð á skapandi skrif og sjálfstæða hugsun í ritun. Læra að nota orðabækur og önnur hjálpartæki við ritun. Áhersla lögð á vandaðan frágang og vinnubrögð.	Í ljóðum er metið hvernig nemendum tekst að læra utan bókar ljóð, skilning þeirra á ljóðum, einfalt myndmál, form og framsögn/flutning. Bókmenntir og lesskilningur er metinn með markvissum æfingum þar sem unnið er með valda bókmenntatexta á fjölbreyttan hátt. Vinnubækur gilda til einkunna ásamt prófum og könnunum. Prófað er í lestri og lestrarlagi.

<p>Ágúst - desember</p>	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • vinni með tungumálið á fjölbreyttan hátt t.d. með sögum, myndasögum, krossgátum og ýmsum orðaleikjum. Unnið verður með orðflokkana nafnorð, sagnorð og lýsingarorð út frá helstu einkennum þeirra með margvíslegri verkefnavinnu. • þjálfist í stafsetningu í almennri ritun og með því að fara í nokkrar stafsetningarreglur og vinna verkefni tengd þeim. Lögð er áhersla á vandaðan frágang allra verkefna og að nemendur skrifi læsilega skrift. 	<p>Málfræði, stafsetning og skrift.</p>	<p>Í málfræði verður unnið með nafnorð, lýsingarorð og sagnorð. Farið verður í helstu stafsetningarreglur og þær þjálfaðar á fjölbreyttan hátt, s.s. upplestur, sóknarskrift og eyðufyllingar. Stefnt er á að nemendur nái þeirri leikni í skrift að þeir geti skrifað samfelldan texta þannig að hann sé nokkuð auðlesinn.</p>	<p>Kannanir og próf í lok annar í málfræði. Skrift er metin með formlegum verkefnum og frjálstri ritun auk þess sem nemendur meta sig sjálf í lok annar. Stafsetning er metin með reglulegum könnunum (upplestrum) og gefin er einkunn.</p>
-----------------------------	---	---	---	---

Námsáætlun – Haust 2015

Námsgrein: Stærðfræði

Kennari: ÍDH

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Ágúst - desember	Heildarmarkmið annarinnar er að nemendur: <ul style="list-style-type: none">• tileinki sér jákvæðan hugsunarhátt í garð stærðfræðinnar• haldi áfram að vinna með grunnþættina samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu. Auk þess er fengist við mælingar, flatarmál, rúmfræði, mynstur, algebru, almenn brot, hnitakerfi, línurit og líkindareikning. Áhersla er lögð á að nemendur þrói með sér góðan skilning og geti gert skýra grein fyrir lausnum sínum. Þeim er gert að beita stærðfræðiþekkingu sinni á ýmsum sviðum og fást við verkefni sem reyna á rök hugsun, innsæi og talnaskilning. Lögð er áhersla á að nemendur haldi vinnubók sinni snyrtilegri og vandi uppsetningu og frágang dæma.	<ul style="list-style-type: none">• Heilar tölur og tugakerfið• Samlagning og frádráttur• Margföldun og deiling• Tölfræði• Tugabrot	Innlagnir frá töflu, hópavinna og paravinna, einstaklingsvinna og einstaklingsmiðun. Jafningjastuðningur. Verklegar æfingar úti og inni sem reyna á stærðfræðikunnáttuna. Lausnaleit	Stuttar kannanir sem byggjast á leiðsagnarmati, kaflapróf og annarpróf.

Námsáætlun – Haust 2015

Námsgrein: Náttúrufræði

Kennari: ÍDH

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnispættir	Kennsluhættir	Námsmat
Ágúst– desember	Að nemendur: <ul style="list-style-type: none">• læri um íslenskar plöntur, fugla, villt spendýr og skordýr. Fjallað verður um mismunandi gróðurlendi sem og vistkerfi dýra og plantna og skoðað hvernig eitt er öðru háð.• Kynnist almennum landfræðilegum þáttum tengdum Íslandi s.s. myndun og mótun lands, landslagi, loftslagi, gróðurfari og náttúruauðlindum.	<ul style="list-style-type: none">• Hraun• Skógur• Jarðvegur• Vallendi• Votlendi• Móar, melar og berangur• Manngert umhverfi	<ul style="list-style-type: none">• Innlagnir• Athuganir og rannsóknir• Verklegar og skriflegar æfingar• Hópa og paravinna	Verkefnamapa sem nemendur byggja upp jafnt og þétt með verkefnum og skýrslum og myndum. Einnig þurfa nemendur að sýna fram á að þeir hafi tileinkað sér ákveðna færni. Áfangakannanir, jafningjamat og sjálfsmat.

Námsáætlun – Haust 2015

Námsgrein: Samfélagsfræði

Kennari: ÍDH

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Ágúst – des.	Að nemendur: <ul style="list-style-type: none">• kynnist landsháttum og landafræði Íslands. Einnig eru nemendur þjálfaðir í að nota landakort og afla upplýsinga út frá þeim.• miðli upplýsingum sem þeir afla sér í formi kynninga.• eflist í upplýsingalæsi	<ul style="list-style-type: none">• Kort og kortalestur• Jarðsaga• Breytingar á umhverfi• Náttúruvernd• Auðlindir• Unnið með landshluta• kynningar	Innlagnir Einstaklings og hópavinna Upplýsingaöflun frá hinum ýmsu miðlum. Lausnaleit	Horft er til þátttöku nemenda í verkefnum s.s. framlags í hópvinnu og hæfni til samvinnu, upplýsingafærni, skipulags og vinnubragða í skriflegum verkefnum. Til einkunnar gilda verkefni, vinnubók, sjálfsmat, jafningjamat og lokapróf.

Námsáætlun – Haust 2015

Námsgrein: Lífsleikni/jákvæður agi

Kennari: ÍDH (Áætlun að mestu óbreytt frá Ingu Huld)

Tímabil	Markmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Ágúst-sept.	<p>-Að nemendur ákveði í samvinnu við kennara sinn hvernig skólaárið geti best orðið árangursríkt og ánægjulegt.</p> <p>-Að nemendur fái hlutverk í stofunni sinni, finnist þeir skipta máli og það sem þeir geri sé mikilvægt.</p> <p>-Að útskýra hvernig uppbygging heilans hefur áhrif á hegðun okkar og hvernig hægt er að nýta sér þá vitneskju.</p> <p>-Að hjálpa nemendum að skilja að mistök eru</p>	<p>-Bekkjarsáttmálinn (BABSÝ)</p> <p>-Störfin í bekknum.</p> <p>-Mistök eru tækifæri til að læra og að gera mistök eða</p>	<p>Unnið á bekkjarfundum þar sem allir sitja saman í hring. Allir nemendur hvattir til að leggja eitthvað til málanna og unnið á lýðræðislegan hátt.</p> <p>Kennari útskýrir hvernig heilinn virkar og búum til griðarstaðinn. Förum vel í það hvernig við notum hann.</p>	<p>- símat: þar sem virkni nemenda og þátttaka er fyrst og fremst metin. Horft í framfarir í félagsfærni og hvernig nemendum tekst að nýta sér þær leiðir sem eru í boði og þau hafa lært með markvissri þjálfun.</p>

	<p>tækifæri til að læra í stað þess að líta á sig sem vonlausan eða slæman ef mistök eru gerð.</p> <p>-Að efla sjálfstjórn og gera hana hluta af daglegur lífi okkar.</p> <p>-Að kenna tilgang og mikilvægi gagnkvæmrar virðingar.</p> <p>-Að kenna þeim hvernig best að er að nota „Ég boð“ í samskiptum við aðra.</p>	<p>vera misheppnaður</p> <p>- Að hafa heilann í hendi sér og jákvæð einvera</p> <p>-Ýmsar æfingar til að æfa sjálfstjórn.</p> <p>-Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum.</p> <p>-Ég boð</p>	<p>-Börnin gera reglulega æfingar sem þjálfar þau í sjálfstjórn. Horfa á „sykurpúðatilraunina“</p> <p>-Förum vel í hugtakið sjálft sem vefst fyrir mörgum. Skoðum virðinguna út frá mörgum sjónarhornum og ekki síður hvernig maður ber virðingu fyrir sjálfum sér.</p> <p>-Gerum æfingar með börnunum þar sem þau nota ég boð.</p>	
--	---	--	---	--

október	<p>-Gera börnunum grein fyrir því hvernig vanvirðing og ljótar athugasemdir hafa slæm langtímaáhrif á þá sem verða fyrir þeim.</p> <p>- Að kenna börnunum virka hlustun. Að hlusta á aðra og tjá tilfinningar og langanir skilmerkilega og með virðingu er eitthvað sem verður að kenna og æfa.</p> <p>Að ræða hvernig við bregðumst við og/ eða notum vald í samskiptum. Að hjálpa nemendum að skilja að samvinna borgar sig.</p> <p>- Að kynna fyrir</p>	<p>-Kalli krumpaði</p> <p>-Virki og óvirki hlustun 1,2 og 3. (þrjár mismunandi æfingar til að þjálfa þau í virkri hlustun)</p> <p>-Að kanna vald:samvinna</p> <p>-Að kanna vald:sigur sigur</p> <p>-Veljum úr eftirfarandi</p>	<p>- Förum vel og vandlega í æfinguna um Kalla þar sem börnunum er gert grein fyrir hvaða áhrif það hefur þegar við notum ljót orð með það í huga að særa aðra.</p> <p>-Förum í gegnum alls konar æfingar sem byggjast upp á hlutverkaleik. Krefst mikillar æfingar og eftirfylgni. Ekki nóg að æfa einu sinni. Venja börnin strax á hugtakið VIRK HLUSTUN.</p> <p>-Æfingin felur í sér að börnin læri að enginn á að hafa vald yfir öðrum, en ef fólk vinnur saman að lausnum ættu allir að geta lifað í sátt og samlyndi.</p>	

	<p>nemendum hugmyndina um sigur/sigur lausnir.</p> <p>- Að kenna börnunum að mistök eru tækifæri til þess að læra. Að gera börnunum grein fyrir því að það er enginn fullkominn og það er í lagi að gera mistök. Það hvernig við leiðréttum þau er það sem skipta mestu máli.</p> <p>- Að VAL verði þeim eðliægt.</p>	<p>æfingum: að joggla saman, æfing með reipi, boltinn látinn ganga, að komast yfir landamærin, sjómaður.</p> <p>-Mistök: Að gera eða vera fyrir yngri nemendur.</p> <p>-Mistök og viðbrögð við þeim.</p> <p>-Lærum af mistökunum: VAL</p> <p>-Fyrirgefðu:hvernig förum við að.</p> <p>-Hvernig biðjumst við fyrirgefningar þegar fyrirgefðu er ekki nóg. Bls. 79 – 87 í bók.</p>	<p>-Gerum ýmsar verklegar æfingar til þess að þau átti sig enn frekar á mikilvægi samvinnu og win-win.</p> <p>-Gríðarlega mikilvægur þáttur sem þarf að gefa sér góðan tíma í. Þetta er liður í að öðlast gagnkvæma virðingu og traust. Þegar börnin átta sig á því að það er í lagi að gera mistök verða þau færari bæði námslega og félagslega. Það er líka ólíklegra að þau ljúgi og kenni öðrum um mistök sín.</p>	
nóv.	-Að nemendur fái tækifæri	-Hróshringur	Æfingar sem við gerum í	

	<p>til að þróa með sér á skynjun og skilning að: „Ég er fær um að.“, „Ég get lagt mitt að mörkum.“, „Ég get haft áhrif á það sem kemur fyrir mig og hvernig ég bregst við“. Þetta gerum við með því að nota hvatningu og hrós.</p> <p>-Að auka sjálftraust og innri stjórn barnanna og byggja í leiðinni upp gott skólasamfélag.</p> <p>-Að virða fjölbreytileikann.</p> <p>-Að nemendur geri sér grein fyrir að við erum öll ólík og að margbreytileikanum fylgja kostir sem við eigum að fagna.</p> <p>-Að börnin átti sig á því að með því að virða fjölbreytileikann undirstrikar þá staðreynd að við erum öll ólík.</p>	<p>-Hvatningarfélagi</p> <p>-Að fylgja Kalla krumpaða eftir.</p> <p>-Að gera meira úr æfingunni um Kalla krumpaða.</p> <p>-Öll dýrin í skóginum</p> <p>-Upplifðu muninn.</p> <p>-Þú ákveður</p>	<p>bekkjarhring og einnig maður á mann þegar þau finna þörf hjá sér að hvetja bekkjarfélaga sína.</p> <p>Kennararnir taka líka þátt í þessu og æfa sig að nota hvatningu og hrós. Útskýra vel muninn á hvatningu og hrósi og hvernig við getum notað í bland.</p> <p><i>Notum hvatningu og hrós allt skólaárið til að efla jákvæðan skólabrag.</i></p> <p>Í æfingunni öll dýrin í skóginum fáum við eldri bekkinga til að hjálpa okkur. Þeir verða ritara og fara í gegnum æfinguna með krökkunum og okkur kennurunum.</p> <p>Börnin velja sér dýrið leynilega þannig að þau hermi ekki eftir hvert öðru. Verður í formi heimavinnu</p>	
--	--	---	---	--

	<p>-Að skilningur á því að við erum öll ólík er grunnurinn að fordómalaus samfélagi.</p> <p>-Að sannfæra nemendur um gildi bekkjarfunda er lykillinn að samvinnu.</p> <p>-Að mynda hring (varða#1) þannig að allir sjáist og heyrist.</p> <p>-Að kenna, læra og æfa hvernig við gefum hvatningu, hrós og þakkir (varða #2)</p>	<p>Að kanna vald:sigur/sigur á bls. 107 og af hverju höldum við bekkjarfundi á bls. 109.</p> <p>Að mynda hring – hratt, hljóðlega og örugglega.</p> <p>-Hrós og þakkir 1 -Hrós og þakkir 2 -Hrós og þakkir 3</p>	<p>þ.e. þau kynna sér dýrið sitt heima og eru þannig betur undirbúin þegar við gerum æfinguna í skólanum. (sjá bls.100 í handbók)</p> <p>Nú höfum við undirbúið jarðveginn sem þýðir að við getum farið að halda árangursríka bekkjarfundi.</p> <p>Verðum búin að æfa þau í að búa til hring en allt í lagi að skerpa aðeins á því.</p> <p>-Höfum farið aðeins í grunninn með hvatningaræfinum og út frá Kalla krumpaða. Hér skerpum við enn frekar á þessum þætti.</p>	
des.	<p>-Að virða fjölbreytileikann (varða #3). Að aðstoða nemendur að skilja að fólk er mismunandi og hefur ólíkar skoðanir.</p>	<p>-Þetta er ósanngjarnt. -Rifjum upp æfinguna um öll dýrin í skóginum.</p>	<p>Rifjum æfinguna um dýrin í skóginum reglulega til að minna á mikilvægi þess að virða fjölbreytileikann.</p>	

	<p>-Samkiptafærni (varða #4) Að allir geti tjáð skoðanir sínar og tilfinningar á lýðræðislegan hátt. Þeim sé sýnd virðing og sýni öðrum virðingu.</p> <p>-Leita lausna (varða #5) Að kenna nemendum leiðir til að leysa mál bæði á bekkjarfundum og utan þeirra og taki sjálf ábyrgð á lausninni.</p>	<p>Rifjum upp það sem við höfum lært þ.e. „það þítt mig-ég vildi óska“, Ég-boð og virka hlustun.</p> <p>-Fjórar hugmyndir að lausnaleit.</p> <p>-Lausnahjólíð</p> <p>-Lausnastaður</p>	<p>Gerðum margar æfingar þegar við undirbjuggum jarðveginn. Samskiptafærnin þarfnast þó stöðugar æfingar.</p> <p>Nemendur búa til sitt eigið lausnahjól sem auðveldar þeim lausnaleitina og fá líka sérstakan stað í stofunni sinni til að útkljá mál sem upp koma.</p>	
--	---	--	---	--

Námsáætlun – Haust 2015

Námsgrein: Tónlist, sviðslist, sjónlist (Tjáning)

Kennari: ÍDH

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnispættir	Kennsluhættir	Námsmat
Ágúst – des.	Að nemendur geti: <ul style="list-style-type: none">• lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur,• sett sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik og tekið þátt í viðtali sem ákveðin persóna,• beitt einföldu formi leiklistar, ,• lýst leiknu efni á sviði og/ eða í myndmiðlum út frá söguþræði, innihaldi og persónum í verkinu.• nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþátta,• nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína, flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur.• sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi í leikhúsi eða á leiklistarviðburðum í skólanum	<ul style="list-style-type: none">• Leiklist• Tjáning	<ul style="list-style-type: none">• Innlagnir• Hópa- og einstaklingsvinna.• Lausnaleit	Horft er til þátttöku nemenda í verkefnum s.s. framlags í hópvinnu og hæfni til samvinnu, skipulags og vinnubragða.

Námsgrein: Trúarbragðafræði – 5. bekkur

Kennari: Þorbjörg Ólafsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnispættir	Kennsluhættir	Námsmat
ágúst – desember	Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">Þekki valda þætti úr hindúatrú, s.s. guðshús, helgistaði, helgirit, tákn, hátíðir og siði.Temji sér virðingu fyrir ólíkum trúarbrögðum og lífsviðhorfum.Hafi þekkingu á uppruna, sögu og útbreiðslu annarra helstu trúarbragða heims, (hér er sérstaklega unnið með hindúasið).	Hindúatrú, kennslubók Bókin <i>Hindúatrú - Guð í mörgum myndum</i> er í flokknum <i>Trúarbrögð mannkyns</i> ætluð til trúarbragðafræðslu á miðstigi grunnskóla. Rakin er saga trúarinnar, sagt frá helstu guðunum, helgiritum, síðum og hátíðum. Einnig er sagt frá útbreiðslu trúarbragðanna og félögum hindúa hér á landi. Hindúatrú, fræðslu-myndband Vefefni um hindúatrú, t.d. af nams.is	Umræður, fræðslumyndir, heimildarvinna, samvinnunám, sköpun, einstaklingsvinna (verkefnabók)	Vinnubók Frammistaða í tímum Kannanir/Spurningar í vinnubók Sjálfsmat

Námsgrein: Íþróttir
 Kennari: Selma S. Malmquist

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
24. ágúst - 3. október	Fjölbreytt hreyfinám Læra klæða sig eftir veðri og vindum Kynnast nánasta umhverfi skólans	Útiþróttir	Boginn, frjálsíþróttavöllur á Þórssvæði, sparkvöllur, útihlaup um nánasta umhverfi skólans, stigin við stífluna, hjólaleiðir víða um bæinn	Stöðumat, greinandi mat og lokamat
5. október - 18. desember	Fjölbreytt hreyfinám Auka þol, styrk, snerpu og liðleika Kynning á sem flestum íþróttagreinum Efla færni í samskiptum Fræða um heilbrigði	Hlaupa- og hreyfileikir, knattspyrna, handknattleikur, körfuknattleikur, blak, boltaleikir, frjálsar íþróttir, badminton, bandý, borðtennis, tennis, fimleikar, þrek og VAL	Leikir ráðandi þáttur	Stöðumat, greinandi mat og lokamat

Námsgrein: Myndmennt 4.- 5. bekk
 Kennari: Aðalbjörg María Ólafsdóttir

ágúst til desember	<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Þjálfari fínhreyfingar með teikniæfingum og litun - Vinni eftir fyrirmælum um verkefnavinnuna - Fari eftir reglum um umgengni og frágang 	Læsi: túlkun og tjáning	<p>Einsaklingsmiðun sem felst í því að nemendur vinna á sínum hraða og skila verkefnum þegar þeim er lokið, ekki endilega allir á sama tíma</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Tilraunir - lausnaleit</p>	<p>Símat; byggt á virkni, vinnubrögðum, viðhorfi nemenda.</p> <p>Litið verður til hugmyndavinnu, skapandi úrlausna og sjálfstæðis í vinnubrögðum</p> <p>Vinnuferli er metið til jafns á við fullunnið verk</p> <p>Einnig verða tiltekin verkefni metin m.t.t. markmiða sem sett voru í hverju fyrir sig</p> <p>Sjálfsmat nemenda</p>
-	<ul style="list-style-type: none"> - Skapi myndverk í mismunandi tilgangi með margvíslegum aðferðum - Vinni út frá kveikju að eigin myndsköpun - Vinni þrívíð myndverk með mismunandi aðferðum - Þjálfari í meðferð mismunandi efnis og áhalda til myndgerðar - Vinni á skapandi hátt eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar 	<p>Samvinna – hugmyndir og úrvinnsla hugmynda</p> <p>Mótun þrívíðra hluta hugmyndavinna</p> <p>Grunnformin - uppsstilling</p>	<p>Innlögn og kynning á viðfangsefni</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Sýnikennsla</p> <p>Umræður</p> <p>Leiðsögn yfir hópinn</p>	<p>Símat;</p> <p>Virkni, vinnubrögð og viðhorf</p> <p>Mótunarferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> <p>Hugmyndavinna og úrvinnsla hugmynda</p> <p>Umgengni um efni og áhöld</p>
-	<ul style="list-style-type: none"> - Tjáfi eigin hugsanir skoðanir og tilfinningar og setji þær fram á viðeigandi hátt hverju sinni - Noti fjölbreyttar aðferðir í sinni myndgerð - Skapi myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum 	<p>Ljósmyndir – myndvinnsla</p> <p>Netmiðlar – þekkingaratriði myndlista</p> <p>Túlkun og tjáning – teiknun –</p>	<p>Innlögn</p> <p>Sýnikennsla</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>einstaklingsleiðsögn</p>	<p>Símat;</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> <p>Verkefni metin með tilliti til markmiða</p> <p>Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð</p>

-	<ul style="list-style-type: none"> - Hagnýti í einföldum verkefnum þá leikni sem hann hefur þegar öðlast - Nýti sér í eigin sköpun aðferðir sem fela í sér að kanna form og liti fyrirmynda - Þekki og vinni með hugtökin nálægð og fjarlægð í myndverki - Nýti sér í eigin sköpun einfalda myndbyggingu bæði hvað varðar form og liti - Vinni með mismunandi sjónarhorn í myndgerð 	<p>Hreyfimyndir</p> <p>Grenndarfræði – litir og form</p> <p>Fjarlægð til nálægðar – litir og myndefni</p>	<p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p> <p>Umræður</p>	<p>Símat;</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> <p>Verkefni metin m.t.t. markmiða</p> <p>Hugmyndavinna og úrvinnsla hugmynda</p> <p>Sjálfsmat nemenda</p>
-	<ul style="list-style-type: none"> - Nýti sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun - Taki mið af og lagi framsetningu myndverks að kröfum viðfangsefnisins - Noti mismunandi efni, verkfæri og miðla samtímans í eigin sköpun - Hagnýti þá leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni 	<p>Skörun – jákvæð og neikvæð rými</p> <p>Þrykkaðferðir – fjölbreytt nálgun</p>	<p>Innlögn</p> <p>Sýnikennsla</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Tilraunir</p>	<p>Símat;</p> <p>Vinnuferli frá hugmynd til afurðar</p> <p>Hugmyndavinna og úrlausn hugmynda</p>
-	<ul style="list-style-type: none"> - Vinni með mynddæmi úr íslenskri og erlendri listasögu - Skapi myndverk í mismunandi tilgangi með margvíslegum aðferðum - Sýni vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar 	<p>Listasagan – listastefnur og listamenn</p> <p>Sameiginlegt skreytiverkefni nemenda</p>	<p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Tilraunir</p> <p>Umræður</p>	<p>Símat;</p> <p>Verkefni metin til jafns á við vinnuferli</p> <p>Samvinna, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum</p>

	<ul style="list-style-type: none"> - Byggi eiginn listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun 			
-	<ul style="list-style-type: none"> - Beiti helstu tækni sem námsgreinin býr yfir - Sýni frumkvæði og skapandi úrlausnir í hugmyndavinnu og útfærslu hugmynda - Noti mismunandi efnivið og verkfæri á skipulagðan hátt í eigin sköpun - Nýti grunnþætti myndlistar í eigin sköpun 	<p>Hlutateiknun – áferð</p> <p>Spegilmynstur</p> <p>Árstíðabundin myndefni</p>	<p>Innlögn</p> <p>sýnikennsla</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Tilraunir</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p>	<p>Símat;</p> <p>Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> <p>Verkefni metin m.t.t. markmiða</p> <p>Sjálfsmat nemenda</p>

Námsgrein: Myndmennt 5. bekk
Kennari: Aðalbjörg María Ólafsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
ágúst	<p>Að nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - Þjálfari fínhreyfingar með tækniæfingum - Vinni eftir fyrirmælum um verkefnavinnuna - Fari eftir reglum um umgengni og frágang 	Læsi – túlkun og tjáning	<p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Tilraunir</p>	<p>Símat; alltaf byggt á virkni, vinnubrögðum og viðhorfi til námsins</p> <p>Einnig er tekið mið af umgengni um efni og áhöld</p> <p>Hugmyndavinna metin til jafns á við fullunnið verk</p> <p>Sjálfsmat nemenda</p>
september	<ul style="list-style-type: none"> - Noti mismunandi efnivið, verkfæri og miðla til eigin sköpunar - Vinni eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar - Byggi eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun - Hagnýti þá leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni - Beiti helstu tækni sem námsgreinin býr yfir 	<p>Grunnform og litir</p> <p>Mótun og útfærsla þrívíðra hluta</p> <p>- hugmyndavinna</p> <p>Sameiginlegt skreytiverkefni nemenda</p>	<p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p>	<p>Símat;</p> <p>Mótunarferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> <p>Hugmyndavinna og úrvinnsla hugmynda</p> <p>Verkefni metið m.t.t. markmiða</p> <p>Samvinna, frumkvæði og þrautsegja</p> <p>Sjálfsmat nemenda</p>
október	<ul style="list-style-type: none"> - Byggi eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun - Noti grunnþætti myndlistar í eigin sköpun - Noti mismunandi verkfæri og miðla á 	<p>Myndasaga – bók</p> <p>Blönduð tækni í myndgerð</p> <p>Virkni ljóss og skugga</p> <p>Listasaga – vinnubók</p>	<p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Tilraunir</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p>	<p>Símat;</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> <p>Hugmyndavinna, úrvinnsla</p>

	<ul style="list-style-type: none"> skipulagðan hátt í eigin sköpun Byggi eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri rannsóknum og eigin reynslu 			<p>hugmynda</p> <p>Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð</p> <p>Tiltekin verkefni metin m.t.t. markmiða þar um</p>
nóvember	<ul style="list-style-type: none"> Nýti sér í eigi sköpun aðferðir sem fela í sér að kanna liti og form fyrirmynda Tjái hugmyndir sínar og tilfinningar með mismunandi miðlum eftir því sem við á hverju sinni Noti grunnþætti myndlistar í eigin sköpun 	<p>Að teikna eftir fyrirmyndum – form litir – sjónræn yfirfærsla</p> <p>Sjónarhorn – stemning</p> <p>Svart/hvítur skali</p> <p>Myndlist – tónlist</p> <p>Munsturgerð</p>	<p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p> <p>Tilraunir og lausnaleit</p>	<p>Símat;</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> <p>Verkefni metið m.t.t. markmiða þar um</p> <p>Hugmyndavinna og úrlausn hugmynda</p> <p>Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð</p>
desember	<ul style="list-style-type: none"> Beiti helstu tækni sem námsgreinin býr yfir Grein, beri saman og meti aðferðir við gerð margskonar listaverka Sýni vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar Noti mismunandi efni og verkfæri á skipuagðan hátt í eigin sköpun Byggi eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun 	<p>Listasagan – listastefnur, listamenn</p> <p>Þrívíð mótun</p> <p>Einþrykk</p>	<p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p> <p>Tilraunir og lausnaleit</p>	<p>Símat;</p> <p>Hugmyndavinna</p> <p>Lausnaleit</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> <p>Verkefni metið út frá markmiðum þar um</p> <p>Sjálfrmat nemenda</p>

Námsgrein: Upplýsinga- og tæknimennt 5. bekkur

Kennari: Aðalbjörg María Ólafsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Ágúst	<p>Að nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - Noti upplýsingaver sér til gagns og ánægju bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum - Nýti hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða 	<p>Umgengni og framganga</p> <p>Upprifjun; opnun, vistun og meðferð eigin gagna o.fl.</p>	<p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p>	<p>Símat; byggt á virkni, vinnubrögðum og viðhorfi til námsins</p> <p>Einnig er tekið mið af umgengni um tæki og verkefnaöppur</p> <p>Verkefni metin m.t.t. viðmiða þar um</p>
september	<ul style="list-style-type: none"> - Nýti upplýsingar til gagns og ánægju - Noti vefmiðla til að þýða einföld orð úr erlendu tungumáli og nýti í verkefnavinnu - Noti rafrænt námsefni til stuðnings náminu - Þjálfni vinnutækni og vinnulag - Vinni undir leiðsögn - Sýni frumkvæði, einn eða í samvinnu við aðra 	<p>Ýmsar einfaldar aðgerðir í ritvinnsluforritinu Word</p> <p>Gagnaöflun og meðferð gagna m.t.t. höfundaréttar</p> <p>Fingrafimi á lyklaborði</p>	<p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p>	<p>Að fara eftir fyrirætlum</p> <p>Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum</p> <p>Ábyrgð við gagnaöflun og meðferð gagna</p> <p>Færni og árangur í undirstöðuatriðum fingrasetningar</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p>
október	<ul style="list-style-type: none"> - Gerir tilraunir með mismunandi forrit sem tengjast náminu hverju sinni - Afli, flokki og vinni úr upplýsingum á markvissan hátt - Nýti rafrænt námsefni í tengslum við vinnutækni og vinnulag 	<p>PowerPoint glærugerð</p> <p>Texti, myndir</p> <p>Upplýsingaöflun og meðferð gagna</p> <p>Uppsetning og samræmi í</p>	<p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p>	<p>Að fara eftir fyrirætlum</p> <p>Sjálfstæð vinnubrögð</p> <p>Færni og árangur í undirstöðuatriðum fingrasetningar</p>

	<ul style="list-style-type: none"> - Þjálfari og beiti undirstöðuatríðum í fingrasetningu 	<p>verkefnum</p> <p>Fingrafimi á lyklaborði</p>		Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk
nóvember	<ul style="list-style-type: none"> - Nýti fjölbreyttar leiðir og leitarvélat við öflun upplýsinga - Sýni ábyrgð í meðferð upplýsinga - Sýni sjálfstæð vinnubrögð undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum þegar það á við 	<p>Publisher – umbrot og útlit síðu</p> <p>Mismunandi form textaskjala</p> <p>Fingrafimi á lyklaborði</p>	<p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p>	<p>Að fara eftir fyrir mælum</p> <p>Sjálfstæð vinnubrögð</p> <p>Ábyrgð við gagnaöflun og meðferð gagna</p> <p>Færni og árangur í undirstöðuatríðum fingrasetningar</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p>
desember	<ul style="list-style-type: none"> - Vinni með og lesi í töluleg gögn - Þjálfari hæfni í notkun tækni og miðlun efnis - Nýti rafrænt og gangvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt 	<p>Excel – töflureiknir</p> <p>Einföld uppsetning skjala</p> <p>Formúlur</p> <p>Fingrafimi á lyklaborði</p>	<p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p>	<p>Að fara eftir fyrir mælum</p> <p>Sjálfstæð vinnubrögð</p> <p>Færni og árangur í undirstöðuatríðum fingrasetningar</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> <p>Könnun</p>

Námsgrein: Heimilisfræði 4. Og 5. bekkur

Kennari: Þóra Gígja Jóhannsdóttir

Kennt verður þrisvar í viku 2 tíma í senn í 7 vikur.

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnispættir	Kennsluhættir	Námsmat
1. Vika 6 kennslust.	Að nemendur kynnist og þjálfist í fjölbreyttum vinnuaðferðum Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti Tjáð sig á eifaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli og eldhúshöld	Gott og gagnlegt fyrir 5.bekk, les og vinnubók. Heilsa og lífstíll, fæðuhringurinn, Reglur um borðhald og borðsiðir, Samvinna á heimilum Notum fjölbreyttar matreiðslu og bakstursaðferðir við hæfi. Útbúum hollan málsverð. Förum út og grillum ef veður er þokkalegt.	Innlögn, sýnikennsla, einstaklingskennsla, samvinna og paravinna Útikennsla Unnið í les og vinnubók.	Símat sem byggist á virkni/vinnusemi, að taka tilsögn og fara eftir fyrirmælum, umgengni, frágangi og samvinnu Sjálfsmat sem byggir á því sama og símatið.
2.vika 6 kennslust.	Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif	Næringarefnin í fæðunni og hlutverk þeirra (gott og gagnlegt) Vinum áfram með fjölbreytta matreiðslu og vinnum úti ef veður leyfir	Innlögn, sýnikennsla, einstaklingskennsla, samvinna og paravinna Útikennsla	Símat Sjálfsmat
3.vika 6 kennslustundir	Geti sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni Geti tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald. Æfum verkleg vinnubrögð: mælum, skerum, söxum, steikjum, sjóðum,	Gott og gagnlegt: Umhverfisvernd-flokkun-umbúðir og fl. Hvernig á að búa til moltu. Tökum upp grænmeti úr matjurtagarðinum og	Tengi matjurtagarðinn við sjálfbærni. Innlögn, sýnikennsla, samvinna, paravinna Útikennsla að hluta.	Símat

	bókum, þrífum og. fl.	búum til súpu og fl.		
4.vika 6 kennslustundir	Að skilja og geta lesið einfaldar umbúðamerkingar Að geta unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum. Lagt mat á eigin verk.	Skoðum og greinum umbúðamerkingar. Súpur, brauðbakstur, pastaréttir og fl.	Innlögn, sýnikennsla, einstaklingskennsla, samvinna og paravinna.	Símat Sjálfsmat
5.vika 6 kennslustundir	Sagt frá helstu slysaættum í heimahúsum. Vinna eftir uppskrift og nota réttar mælieiningar og fara eftir fyrirmælum um hreinæti og frágang.	Vinna verkefni í vinnubók um slysaættur. Notum fjölbreyttar baksturs og matreiðsluaðferðir til að efla mismunandi vinnubrögð.	Innlögn, sýnikennsla, hver nemandi fær þá einstaklingskennslu sem hann þarf, samvinna, paravinna, einstaklingsvinna.	Símat
6.vika 6 kennslust.	Að geta unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum og gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi. Tekið gagnrýni og leiðsögn á jákvæðan hátt og gert sér grein fyrir styrkleikum sínum.	Fjölbreytt verkefni við hæfi nemenda.	Innlögn, sýnikennsla, einstaklingskennsla, paravinna, samvinna	Símat Sjálfsmat
7.vika 6 kennslust.	Að efla verkleg vinnubrögð og færni. Að tengja næringarfræði við matvælin sem unnið er með hverju sinni	Verklegar æfingar og frágangur. Verklegt próf.		Símat Verklegt próf Vinnubækur eru metnar

Námsgrein: Hönnun og smíði

Kennari: Ólafur Viðar Hauksson

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnispættir	Kennsluhættir	Námsmat
Ágúst – október	<ul style="list-style-type: none"> • Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki, • Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni. • Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu, • Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð, • Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum, • Greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir. • Gert sér grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni, • Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað. 	<p>Unnið er með mismunandi efni s.s. timbur tegundir og önnur efni.</p> <p>Nemendur hanni hlut út frá ákveðnu þema og noti samræður, nálgast og skoðað ýmsar bækur, tímarit eða farið á netið til að móta hugmyndir sínar og sýni þar með sjálfstæði í vinnubrögðum.</p> <p>Mismunandi yfirborðsmeðhöndlun sýnd með tilliti til hvað henti viðkomandi efni og ekki t.d. mismunandi bæs og máling, samsetningar hluta með mismunandi aðferðum.</p> <p>Rétt vinnubrögð við notkun á tækjum og vinnustellingar</p>	<p>Innlögn, sýnikennsla, verklegaræfingar, vettvangsferð.</p>	<p>Símat kennara þar sem meðal annars horft á sjálfstæði nemenda, virkni, samvinnu þeirra við aðra, frumkvæði að úrlausnum ásamt umgegni sjálfsmat og afurðin.</p>

Námsgrein: Textílmennt

Kennari: Sigrún María Guðmundsdóttir

5. bekkur

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Vika 1	Geti yfirfært eigin hugmynd af blaði yfir í textílverk.	Nemendur teikna mynd af fígúru. Huga þarf að lögun einstakra hluta, að hægt sé að yfirfæra í efni. Mynd lituð og þar með valdir litir í verki. Búið til snið eftir teikningu og sniðið úr efni.	Einstaklingskennsla/ hópkennsla	Lykilþættir metnir í lok kennslustundar. Einstaklingsverkefni metin þegar þeim er lokið.
Vika 2	Geti notað hugtök og heiti sem tengjast saumaskap.	Haldið áfram að sníða og byrjað að sauma.	Einstaklingskennsla/ hópkennsla	Lykilþættir metnir í lok kennslustundar. Einstaklingsverkefni metin þegar þeim er lokið.
Vika 3	Geti beitt helstu verkfærum við saumavinnu.	Unnið áfram við að sauma og raða saman einstökum hlutum	Einstaklingskennsla/ hópkennsla	Lykilþættir metnir í lok kennslustundar. Einstaklingsverkefni metin þegar þeim er lokið.
Vika 4	Geti þrjónað garðaprjón og þekki helstu hugtök sem því tengjast.	Grunnaðferð í þrjóni kennd	Einstaklingskennsla/ hópkennsla	Lykilþættir metnir í lok kennslustundar.

				Einstaklingsverkefni metin þegar þeim er lokið.
Vika 5	Geti unnið eftir einföldum leiðbeiningum.	Prjónað lítið stykki að eigin vali.	Einstaklingskennsla/ hópkennsla	Lykilþættir metnir í lok kennslustundar. Einstaklingsverkefni metin þegar þeim er lokið.
Vika 6	Geti sýnt fram á skipulögð og vönduð vinnubrögð.	Áfram æfð færni í prjóni.	Einstaklingskennsla/ hópkennsla	Lykilþættir metnir í lok kennslustundar. Einstaklingsverkefni metin þegar þeim er lokið.
Vika 7	Geti metið eigið textílverk og rökstutt matið.	Lokahönd lögð á prjónaverkefni.	Einstaklingskennsla/ hópkennsla	Lykilþættir metnir í lok kennslustundar. Einstaklingsverkefni metin þegar þeim er lokið.